

A romantic couple is shown in profile, kissing passionately. The scene is set against a bright, hazy sunset or sunrise, with the sun low on the horizon, creating a warm, golden glow. The couple is silhouetted against the light. The woman is on the left, and the man is on the right. They are both wearing casual clothing. The overall mood is intimate and romantic.

HANS HANSEN

VERTU GÓÐUR  
VIÐ MIG

 SAGA  
EGMONT

A romantic couple is shown in profile, kissing and embracing. The scene is set against a warm, golden sunset background, with the sun low on the horizon creating a soft, hazy glow. The couple is positioned in the center of the frame, with the woman on the left and the man on the right. They are both wearing casual clothing; the man is in a dark hoodie, and the woman is in a light-colored sweater. The overall mood is intimate and tender.

HANS HANSEN

**VERTU GÓÐUR  
VIÐ MIG**

 **SAGA**  
EGMONT

Hans Hansen

# Vertu góður við mig

SAGA Egmont

*Vertu góður við mig*

Margrét Aðalsteinsdóttir

*Elsk mig langsamt*

Copyright © 1977, 2020 Hans Hansen and SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726629538

1. e-book edition, 2020

Format: EPUB 3.0

All rights reserved. No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

SAGA Egmont [www.saga-books.com](http://www.saga-books.com) – a part of Egmont,  
[www.egmont.com](http://www.egmont.com)

# 1. Bannað að ríða í tunnu

Klás var óður í að fara í bíó. Satt að segja var hann með bíódellu.

Að setjast niður og finna myrkrið, finna heiminn hverfa. Koma sér makindalega fyrir í sætinu ef einhver gaur sat þá ekki fyrir framan mann og finna þennar venjulega heim hverfa gegnum hendur og fætur og uppum hvirfilinn. Heilinn var stilltur á núll og svo byrjaði eitthvað glænýtt og tók að sindra á hvíta tjaldinu. Fólk og örlög þeirra, atburðir sem rákust hverjir á aðra, átök og spenna, gleði og sorg. Nýtt líf í hálfan annan tíma fyrir tíkall.

Þegar tjaldið féll, tónlistin glumdi og ljósin kviknuðu og hann gekk útá götuna þá gekk hann stundum allt öðruvísi en áður. Við hliðiná á sjálfum sér.

En það stóð ekki lengi. Umferðargnýrinn barst að eyrum hans og hann varð að stoppa á rauðu ljósi og þegar heim var komið varð hann að læra fyrir morgundaginn.

Stundum voru myndirnar algjört frat. Svo langdregnar að hann leit á klukkuna á fimm mínútna fresti.

En hann var óður í að fara í bíó. Oftast vissi hann eitthvað um myndirnar, hafði heyrt um þær einhverstaðar. En stundum vissi hann ekkert. Það var einsog að spila í happdrætti. Hann settist í sætið og vonaði það besta.

Það var allt öðruvísi að fara í bíó með Lenu.

Hann fór með henni í vikunni eftir að þau komu heim úr skólaferðalaginu. Jörgen og Eva fóru líka.

Þeir Jörgen pældu í hvaða mynd þau ættu að sjá. En það var ekki úr miklu að móða því það voru aðeins fjögur kvikmyndahús í bænum.

Það varð úr að þau fóru á danska mynd sem hét Flakkarinn.

Klás sá myndina varla. Hann líði sig ekki inní myndina því hann var allan tímann að hugsa um Lenu og stelast til að horfa á hana.

Í skólaferðalaginu í Svíþjóð hafði dálítið sérstakt gerst. Hann og Lena höfðu upplifað dálítið sem var alveg stórkostlegt. Það hefði alveg eins getað verið draumur. Þau höfðu verið saman útá vatni um hánótt og hún hafði spurt hvort hann vildi sjá sæta naflann hennar. Hann hafði borað nefinu niðrí hann og síðasta kvöldið höfðu þau legið í heyi í hlöðu og hann hafði komið allstaðar við hana og hún hafði komið allstaðar við hann.

Eftir að hafa afrekað allt þetta skyldi enginn ætla að hann yrði feiminn. Þó var ekki laust við að hann roðnaði þegar sýnd var auglýsingarmynd um Tampax. Tvær stelpur voru í sturtu og það var bara sýnt niðrað nafla. En hvernig þær flissuðu og hvernig talað var um plúsdaga og mínusdaga. Þetta átti allt að vera ofureðlilegt en hljómaði einsog tvíræð saga. Kannski var það líka ætlunin. Auglýsingar lágu aldrei í augum uppi. Þær voru byggðar á rannsóknum um hvernig væri auðveldast að fá fólk til að kaupa allskonar drasl. Það var á hreinu að stelpum átti að finnast það spennandi og dálítið djarft að stinga tappa í gatið. Þau sátu á aftasta bekk.

Jörgen sagði að þegar maður færi í bíó með stelpum ætti maður að sitja á aftasta bekk. Það væri kossabekkurinn.

Þau hefðu alvegeins getað setið í miðjum salnum því Klás var ekki með neitt kossaflangs. Þau Lena fléttuðu saman fingrum og hann gaf henni Gajol og ristaðar möndlur. Svo hallaði hann sér að henni og fann axlir henna og hár og ilm.

Hann hafði gætur á Jörgen því auðvitað hafði hann hlammað sér á milli Evu og Lenu. Hann hélt annarri hendi utanum Evu og Klás tók eftir að hann lagði hina hendina

einsog af tilviljun á hné Lenu. Hún færði fótinn og hallaði sér í áttina að Klás.

Djöfulli gott Lena! Djöfulli gott!

Hann kyssti hana ekki fyrren á leiðinni heim. Þegar þau höfðu losnað við Jörgen og Evu og hann fylgdi henni heim. Ekki alla leið en að stóru blokkinni sem hún átti heima í.

Þau gengu skáhallt yfir auðan leikvöll sem lá milli húsanna og bílastæðisins. Malbikaður ferhyrningur baðaður í bláu neonljósi umkringdur lágum runnum. Þarna voru sérhönnuð leiktæki úr stáli og steinsteypu og í einu horninu var stór tunna með dyrum og gluggum. Lena stansaði við tunnuna.

„Eigum við að leika?“

„Ha?“ Klás horfði undrandi á hana. Hún opnaði dyrnar á tunnunni. „Komdu“ sagði hún. „Það á enginn heima hérna.“

Klás beygði sig niður og skreið inn. Djöfuls vandræði að hún skyldi alltaf fá bestu hugmyndirnar. Næst þegar þau væru saman ætlaði hann svo sannarlega að finna uppá einhverju. Á stundinni. Einhverju alveg æði. Einhverju sem henni dytti aldrei í hug.

Inn í tunnunni fannst þeim þau vera einsog tröll. Þau gátu ekki staðið upprétt og litla borðið sem stóð á gólfinu náði þeim aðeins upp að hnjám.

„Hér er ekki mikið pláss,“ sagði hann og horfði útum lítinn gluggann.

„Nei.“ Lena hafði sest á borðið og trommaði hælunum á gólffjalirnar.

Nú varð hann að kyssa hana, hún beið eftir því. Hann hafði ekki kysst hana síðan nóttina góðu í Svíþjóð. Maður var fljótur að komast úr æfingu.

„Það er skítakuldi,“ sagði hann. Svo hleypti hann í sig kjarki og tók utanum hana aftanfrá. Hún þrýsti bakinu að maga hans og hann gróf andlitið í hári hennar. Hita lagði frá hársverðinum. Hún sneri andlitinu svo munnur hans

snerti kinn hennar. Hún sneri því meira svo munnur hennar nam við munn hans og það auðveldasta í heiminum var að kyssa hann. Hann hélt fast um axlir hennar og fann tungubrodd hennar á vörum sér. Þetta var alveg einsog síðast. Nú byrjuðu þau uppá nýtt og þau áttu eftir að gera ýmislegt sem þau höfðu ekki gert áður og auðvelt var að gera sér í hugarlund þegar ímyndunaraflinu var sleppt lausu.

Það var nóg að gera... fjandinn hafi það, alla ævi.

Hann saug tungu hennar uppí sér og fann að munnvatn hennar var sætt og gott.

Í því þeystu nokkur mótorhjól inná leikvöllinn, það drundi í vélunum og þær möluðu þögnina í mál, það var gefið í, köll og píkuskraekir.

Lena reis hrædd á fætur. Ljóskeila lék um lítinn glugga tunnunnar, síðan önnur og önnur til. Þeir hringsóluðu fyrir utan og hávaðinn fyllti loftið.

Djöfullinn sjálfur.

„Þetta eru mótorhjólátöffararnir.“ Lena hafði beygt sig fram og litið útum gluggann. Klás klöngraðist yfir borðið til hennar. „Þeir gera ekkert annað en þeysa á þessum mótorhjólum.“

Þeir voru fjórir. Þeir höfðu safnast saman við sandkassann. Það drundi í vélunum. Fjórir mótorhjólátöffarar og tvær síðhærðar stelpur; baksætispiur.

„Hverjir eru þetta?“ Klás hvíslaði og fann hversu taugastrekkur hann var. Þau virtust vera eldri en hann og Lena, en kannski litu þau bara út fyrir að vera það. „Er þetta glæpaklíka?“

„Þetta eru bara mótorhjólátöffarar — þeir eiga heima í blokkunum og þeysa alltaf út og suður á þessum mótorhjólum.“

Glæpaklíka! Þetta var fáránleg spurning. Hversvegna ætti þetta að vera glæpaklíka. Það var bara hann sem var

aumingi. Það var asnalegt, en honum fannst einsog hann hefði gert eitthvað af sér. Einsog það væri bannað að vera inní tunnunni. Einsog hann hefði gert eitthvað sem hann fengi örugglega á kjaftinn íyrir. Hann var helvítis aumingi.

„Heldurðu að þeir fari ekki að fara?" Klás kyngdi nokkrum sinnum til að koma barkakýlinu aftur á sinn stað.

„Nei. Þeir verða örugglega að spæna allt upp hérna dálítið lengur." Lena hvíslaði, svo hún var örugglega hrædd líka.

„Hvað eigum við að gera?"

„Við skulum koma eitthvert annað, ég verð líka bráðum að fara heim."

Þau þurftu bara að þjóta útúr tunnunni og fara eitthvað annað. Þetta var sáraeinfalt. Samt skalf Klás á beinunum, hjartað barðist og kinnarnar titruðu.

„Komdu!" Lena greip í anorakkinn hans. Hann hratt upp hurðinni og gekk kengboginn úti ömurlega neonbirtuna. Lena fylgdi honum og greip um handlegg hans.

Einn mótorhjólátöffarinn kom strax auga á þau. Hann gaf inn svo framhjólíð þrjónaði, hjólaði aðeins áfram og skellti framhjólínu síðan niður svo það ýlfraði í dempurunum.

„Djöfullinn sjálfur, þau hafa verið að ríða inní tunnunni!" æpti hann. „Haldiði að þetta sé Hálmorgið."

Klás stóð grafkyrr og Lena þrýsti sér að honum og hann fann fyrir andadrætti hennar. Nú fengi hann fyrir ferðina.

Önnur stelpan hljóp á móti þeim, hlæjandi með flaksandi hár. Þeir renndu hjólunum nær. Þetta var næstum einsog að vera á sirkussviði.

„Almáttugur!" hrópaði hún. „Þau hafa gert það án þess að fara úr buxunum!" Svo skellihlógu þau.

Sá sem hafði komið til þeirra fyrstur var langur sláni með stórar stjörnur á upplituðum mittisjakkanum. Hann benti á Klás og Lenu.